

Velkomin í leikskólan



Hjallastefnan

Kæra vinkona!

*Hjartanlega velkomin í
leikskóla Hjallastefnunnar!*

*Í leikskólanum okkar viljum við að öllum
börnum líði vel, að öll börn njóti sín með
vinum og vinkonum og séu glöð og kát.
Hvert og eitt barn fær að láta ljós sitt
skína á sínum forsendum í leik og starfi
með hópnum sínum og kennurum.*



Í leikskólanum þínum er stúlkna-
kjarni þar sem hressar og kátar
vinkonur og hópstjórinn þeirra
æfa kjarkinn sinn, vináttuna
og margt fleira sem þeim þykir
skemmtilegt í hópátíma tvisvar
á dag. Á drengjakjarna eru hressir
og kátir vinir og þeir æfa sam-
vinnuna sína, vináttu og fleira
sem þeim þykir skemmtilegt í
hópátíma með hópstjóranum
sínum. Blöndun er líka fastur
liður í dagskránni en þá hittast
vinir og vinkonur með hópstjóra
í hópátíma og fara til dæmis
í þrautabraut eða gera annað
skemmtilegt saman.

Hópátímar eru bæði úti og inni og
það er mjög góð hugmynd að hafa
alltaf góð útiföt meðferðis, t.d.
regngalla og stígvél, því við tökum
upp á ýmsu skemmtilegu úti og
elskum að drullumalla. Á veturna
er gott að hafa kuldagalla og
kuldaskó því okkur þykir ótrúlega
gaman að fara út í öllum veðrum.
Veðrið er svo skemmtilegt og alls
konar. Yngstu nemendur okkar
nota hópátímann eftir hádegisdag
til þess að hvíla sig eftir viðburða-
ríkan morgun.

Á valfundi tvisvar á dag er í boði
að velja sér svæði, t.d. sullkrók,
útisvæði, föndurkrók, leirkrók,
kubbakrók og leikstofu. Þar
stjórna börnin ferðinni og leika
sér frjálst á sínu svæði.

Hóparnir á kjarnanum koma
svo saman á samverumötu í
samverum sem er tíminn milli
hópátíma og val tíma. Þá sitjum
við öll saman og gerum ýmislegt
skemmtilegt eins og að syngja
og dansa, lesa saman sögu og
ævintýri eða komum á sólina og
látum ljós okkar skína. Við gerum
allt sem okkur dettur í hug og það
er sko margt því við erum mjög
skapandi og skemmtileg.

meistararnir! Það er æfingin sem skapar



Kæru foreldrar!

Verið innilega velkomin í Hjallastefnuhópin. Við vonum að við eigum ánægjulega og farsæla samleið framundan sem uppfyllir þær kröfur sem þið gerið fyrir hönd barnsins ykkar.

Við upphaf leikskólagöngu hittast foreldrar og leikskólastýra og ganga frá leikskólasamningi. Þá ganga foreldrar frá dvalartíma barnsins og koma mikilvægum upplýsingum á framfæri.

Góð samskipti heimilis og skóla eru okkur mikilvæg og er upplýsingamiðlun margbætt. Í forstofu kjarna barnsins er kjarnatafla þar sem má nálgast hinar ýmsu upplýsingar, s.s. hvað gert var í hópatímum dagsins og aðrar mikilvægar tilkynningar.

Heimasíða leikskólans er lifandi fréttaveita með upplýsingum um starf skólans, matseðli, viðburðum, áætlunum og áherslum Hjallastefnunnar. Á síðunni er einnig læst svæði fyrir foreldra sem geymir allar ljósmyndir af barninu, skilaboð frá kennurum og viðburðadagatal skólans. Smáforritið Karellen tengist foreldrasvæði heimasíðunnar beint og þar geta foreldrar t.d. skráð barnið í leyfi eða látið vita af veikindum og sent

kennara barnsins skilaboð. Lykilorðið inn á læsta svæðið og smáforritið fáíð þið hjá stjórnanda skólans.

Foreldrar fá svo reglulega tölvupósta frá skólanum með fréttum af starfinu og því sem er á döfinni í skólanum.

Tvisvar á ári eru formleg foreldraviðtöl en ávallt er í boði að óska eftir fleiri viðtölum. Rafræn foreldrakönnun er send með tölvupósti árlega og í henni leitumst við eftir áliti foreldra á starfi skólans og samskiptum við kennara barnsins og stjórnendur. Foreldrar eru ávallt velkomir í heimsókn í leikskólann að fylgjast með leik og starfi, hitta vini og vinkonur barnsins og kynna sér starf skólans betur.

Fötin sem nemendur og kennarar klæðast í skólanum okkar eru hluti af menningu Hjallastefnuskóla og erum við öll í sama liðinu í þægilegum fötum sem auðvelt er að hreyfa sig í og gera

börnum kleift að vera eins sjálfbjarga og hægt er. Fötin eru framleidd í Evrópu við mannúðlegar aðstæður og mengandi áhrif á umhverfið eru í lágmarki. Vefverslun má finna á heimasíðu skólans og eru fötin afhent í skólanum.

Við skólann er starfandi foreldrafélag sem stendur fyrir hinum ýmsu uppkomum hvert skólaár og styður fallega við starf leikskólans. Á hverju hausti er kosið í stjórn félagsins á aðalfundi þess og hvetjum við foreldra til þess að kynna sér starfið. Foreldraráð er einnig starfrækt við skólann og er hlutverk þess að skoða áætlanir og vera ráðgefandi við skipulag skólastarfsins.

Maturinn í leikskólanum er fjölbreyttur og uppfyllir alla staðla Lýðheilsustöðvar um hollan mat fyrir börn. Börnin eru hvött til þess að smakka allan mat en þau eru aldrei þvinguð til þess að borða meira eða annað en þau hafa lyst á. Sjálfsagt er að bregðast við fæðuþöpoli eða öðrum sérþörfum.

Þegar barn kemur í skólann eftir veikindi stendur til boða að barnið sleppi útivist í samráði við kennara. Foreldrar eru alltaf látnir vita ef barn veikist í skólanum eða ef eitthvað óhapp á sér stað.

Við biðjum foreldra að drepa á bílunum á bílastæðum skólans svo að loftið við leikskólann sé hreint og gott. Mikilvægt er að leggja löglega við skólann.

Við hvetjum ykkur kæru foreldrar til að koma til okkar með öll mál sem ykkur liggur á hjarta varðandi barnið ykkar. Þegar kemur að velferð barnsins skiptir allt máli og með því að ræða málin við



okkur fáum við tækifæri til að bregðast við, gera betur og finna leið í sameiningu til að öllum líði vel. Það er okkar einlægi vilji að barninu og ykkur líði vel með skólann. Við erum ávallt þakklát þegar foreldrar treysta okkur og koma með öll mál til okkar og þetta traust gefur okkur tækifæri til að bregðast við og gera betur. Saman gerum við góðan skóla.



Staður og dagsetning

Kæra vinkona _____

Velkomin í/á _____

Við bjóðum þig hjartanlega velkomna í leikskólann.
Í upphafi skólagöngu þinnar byrjar þú í aðlögun. Þá
verða foreldrar þínir eða einhver nákominn þér með
þér fyrstu dagana á meðan þú ert að kynnst okkur,
vinkonum þínum og vinum.

Kjarninn þinn heitir _____

Við bjóðum þér að koma í aðlögun þann _____

klukkan _____

Með kærri kveðju fyrir hönd kennara
